

Alþingi
Erindi nr. P 132/394
komudagur 2.12.2005

Samtök fiskvinnslu án útgerðar


Kt.660494-2519,Hafnarbraut 27, 200 Kópavogi
Sími 5544680 fax 5546715 pósthfang : isfiskur@isfiskur.is

Með bréfi frá háttvirtri Sjávarútvegsnefnd Alþingisdags dags 15. nóv er Samtökum fiskvinnslu án útgerðar gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu .
Stjórn SFÁÚ sendi inn umsögn um sama mál með bréfi dags. 28. febrúar.
Sú umsögn er í fullu gildi og vísast því til hennar. Fylgir hún hér sem afrit af áður nefndu bréfi.

Stjórn SFÁÚ vill jafnframt láta þess getið að hún harmar það að í jafn mikilvægu máli eins og hér um ræðir skuli ýmsir aðilar leyfa sér að fjalla um málið með því að rangtúlka það á þann hátt sem gert hefur verið.

Kópavogi 29. nóv. 2005

F.h. Stjórnar SFÁÚ



Óskar Þór Karlsson

Til Sjávarútvegsnefndar Alþingis
Austurstæti 8-10
Reykjavík

Kópavogi 28. 02.2005

Stjórn Samtaka fiskvinnslu án útgerðar hefur borist til umsagnar frá háttvirtri Sjávarútvegsnefnd, tillaga til þingályktunar um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu og kys að veita framangreindu þingmáli eftirfarandi:

Umsögn:

Samtök fiskvinnslu án útgerðar telja af samkeppnislegum ástæðum brýnt að áskilinn verði með löggjöf fjárhagslegur aðskilnaður milli reksturs útgerðar annarsvegar og fiskvinnslu á landi hinsvegar. Helstu ástæður þess eru eftirfarandi:

- Veiðiheimildir hafa verið og eru nýttar sem gjaldmiðil í viðskiptum með fisk. Þetta veldur því að fullnægjandi skilyrði til eðlilegrar verðmyndunar á fiski á markaðlegum forsendum eru ekki fyrir hendi á Ísland. Slíkt hefur skaðleg áhrif á samkeppni um kaup á fiski.
- Núverandi staða veldur því að möguleikar fiskvinnslufyrirtækja, sem rekin eru af útgerðarfyrirtækjum til þess að ná viðskiptum við þriðja aðila til kaupa á fiski eru miklu sterkari en hinna sem ekki njóta slíkrar aðstöðu. Þetta hefur einnig þær afleiðingar að dregur úr framboði á fiski inn á fiskmarkaði.
- Loks kalla framangreindar ástæður einnig fram óeðlilegan aðstöðumun milli Íslenskra fiskvinnslufyrirtækja í innbyrðis samkeppni þeirra á erlendum mörkuðum við sölu afurða. Þessi aðstöðumunur hefur reynst hafa skaðleg áhrif í formi undirboða frá fiskvinnslufyrirtækjum sem rekin eru af kvótasterkum útgerðarfyrirtækjum.

Stjórn samtaka fiskvinnslu án útgerðar styður því eindregið framkomna þingályktunartillögu, telur hana brýna og tekur undir þær röksemdir sem fram koma í þeirri greinargerð sem hefur fylgir.

Rétt þykir að áréttu af gefnu tilefni að umræddur fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri útgerðar og fiskvinnslu kæmi á engan hátt í veg fyrir að útgerðarfyrirtæki gætu áfram, að uppfyllt m skilyrðum, selt fiskvinnslufyrirtækjum í eigu sama aðila fisk til vinnslu.

Að öllu samanlögðu má fullyrða að umrædd breyting hefði til lengdar jákvæð áhrif á heildarhagsmunum atvinnugreinarnar.

Förðun Þrósson

Björgvin Þórunn

Stjórn SFÁÚ

Ólafur Þórunnsson
Björgvin Þórunn